

Þriðjudaginn 9. maí 1989.

Nr. 142/1989. **Guðbrandur Jónsson**

gegn

samgönguráðherra og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1989. Hann gerir þær kröfur, „að frávísunardómnum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið og að héraðsdómariinn fái áminningu skv. 35. gr. laga nr. 54/1988 (sic) fyrir að hafa hafnað bókun stefnanda í þinghaldinu mánudaginn 20. febrúar 1989 og aftur í þinghaldinu föstudaginn 10. mars 1989, „Réttarsynjun“, og að Hæstiréttur úrskurði/dæmi greinargerð stefndu ólögmeta vegna:

A. skorts á sannarlegri viljaafstöðu stefnda fjármálaráðherra til dómkröfu í stefnu,

B. vanhæfis Ragnhildar Hjaltadóttur, lögfræðings samgönguráðuneytisins, til að gefa út og undirrita ýtarlega umsögn f.h. stefnda samgönguráðherra og að hrundið verði málskosnaði fyrir héraðsdómi og að mér verði til dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður“.

Varnaraðilar krefjast þess, að öllum framangreindum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar skv. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Í máli þessu krefst sóknaraðili rúmlega 1,2 milljarða króna í bætur úr ríkissjóði og að auki vaxta og málskostnaðar. Í stefnu sundurliðar hann kröfurnar svo sem rakið er í hinum kærða dómi.

Í stefnu ræðir sóknaraðili hvern kröfulið fyrir sig og vitnar til

tveggja dómskjala, sem hann leggur sjálfur fram. Er hið fyrra nefnt „Fairschild Metro III“farþegaflugvél. Greining á rekstrarkostnaði“. Í skjalinu eru einnig upplýsingar um verð á flugvél af þessari gerð og lýsing á tæknilegum atriðum sem varða flugvélinu. Síðara skjalið er verkefnaáætlun fyrir 1987 í pósthugi milli Danmerkur, Færeyja, Íslands og Grænlands. Er hún gerð af sóknaraðila.

Það, sem fram kemur um ætlað tjón sóknaraðila í stefnu og fram lögðum skjölum, er hvergi nærri nægilegt, til að unnt yrði að ákvarða í dómi fjárhæð bóta, ef til þess kæmi, að bótaskylda teldist vera fyrir hendi. Eru því ekki efni til að taka afstöðu í þessum dómi til þess, hvort málatilbúnaður sé fullnægjandi að því er þá skyldu varðar, heldur ber vegna vanreifunar, að því er fjárhæðir snertir, að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að vísa málinu frá bæjarþingi Reykjavíkur. Fer um þetta samkvæmt 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 123., 136. og 137. gr. sömu laga.

Í kæru sinni hefur sóknaraðili harðyrði um embættismenn, sem fjallað hafa um mál hans, og er það vítavert.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfur sóknaraðila um að héraðsdómari verði áminntur eða að tiltekið dómskjal verði ómerkt.

Rétt er að málskostnaður í héraði falli niður svo og kærúmálskostnaður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 10. mars sl. um frávísunarkröfu stefndu, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 6. október 1988, af Guðbrandi Jónssyni flugstjóra, nafn nr. 2862-2465, Efstasundi 56, Reykjavík, gegn samgönguráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, og fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða honum kr. 1.213.138.000,00 með 10% ársvöxtum frá 31. janúar 1987 til 21. febrúar

1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 10.3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 10.9% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1987 og frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 15. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Auk þess gerir stefnandi kröfu til þess að vexti megi leggja árlega við höfuðstól, í fyrsta sinn 31. janúar 1988, og reikna vexti af höfuðstólnum þannig upp færðum.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og stefndu dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til þrautavara krefjast stefndu þess að stefnukröfur verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málið er til úrlausnar nú um frávísunarkröfu stefndu.

— — —

Málsástæður stefndu varðandi frávísunarkröfu og hér eru til umfjöllunar, eru þær, að verulega skorti á, að stefnandi hafi búið mál sitt nægilega skýrt úr garði, svo að dómur verði á það lagður. Verulega skorti á að stefnukrafan sé útlistuð og studd gögnum. Málsástæður og lagarök, er stefnandi beri fyrir sig í stefnu, séu vanreifuð og óljós, og andstætt 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988, sé þeim ekki nánar lýst í greinargerð sem eingöngu geymi upptalningu sönnunargagna. Reifun málavaxta sé af stefnanda hálfu óglögg og af skornum skammti. Allur grundvöllur málsins sé því í reynd svo óljós, að varði frávísun málsins frá dómi.

Stefnandi staðhæfi þannig og byggi á því, að hann hafi fullnægt öllum skilyrðum laga til að öðlast leyfi til loftferðastarfsemi. Enga nánari útlistun sé að finna á þessari staðhæfingu, svo að með öllu sé óljóst, hvort ágreiningur hans við stefndu um þetta atriði byggi á ágreiningi um túlkun réttarheimilda eða ágreiningur lúti að sönnun eða jafnvel hvoru tveggja.

Stefnandi byggi á því að hann hafi átt rétt á að tjá sig um umsögn Loftferðaeftirlitsins, áður en Flugráð gaf umsögn. Enn fremur hafi margt verið ofsagt og annað rangfært þar. Stefnandi tilgreini hins vegar ekki hvaða umsögn hann eigi við, en fleiri en ein liggja fyrir í málinu. Þá færi hann hvorki fram lagarök fyrir tilvist andmælaréttar við meðferð slíkra umsókna almennt eða sérstaklega á þessu stigi meðferðar máls né tiltaki hann, hvað það er sem á að hafa verið ofsagt eða rangfært í umsögn Loftferðaeftirlitsins.

Staðhæfing stefnanda um ætlaðan ásetning ótilgreindra fulltrúa í Flugráði til að koma í veg fyrir, að hann fengi flugrekstrarleyfi, sé á engan

hátt nánar reifuð eða rökstudd. Þá útlisti stefnandi ekki, hvernig þessi málsástæða hans tengist ætlaðri ólögæðri synjun ráðherra og þeim stefnukröfum, sem hann hefur uppi í málinu.

Stefnandi mótmælir frávisunarkröfu stefndu og byggir á því að málatilbúnaður stefnanda sé skýr og glöggur og í samræmi við einkamálalög. Hann heldur því fram að samkvæmt málsforræðisreglunni sé það á valdi aðila málsins að ákveða, á hvaða málsatvikum, málsástæðum og sönnunargögnum þeir byggja.

Málið sé í raun einfalt og snúist um umsóknir stefnanda um flugrekstrarleyfi og meðferð Flugmálastjórnar á þeim.

Stefnandi hafi fullnægt öllum lagaskilyrðum. Þegar um sé að ræða sérstakt umsóknareyðublað, eins og sé í þessu tilviki, geti stjórnssýsluaðilar ekki verið með önnur skilyrði en fram komi á umsóknareyðublaðinu. Álitsgerðir Loftferðaeftirlitsins séu ekki í neinu samræmi við umsóknareyðublaðið. Andmælaréttur stefnanda sé ótvíræður samkvæmt reglum stjórnarfarsréttar. Stefnanda hafi borið réttur til þess að tjá sig um umsagnir Flugráðs og Loftferðaeftirlitsins. Óljóst hafi verið af hálfu þessara aðila, hvaða skilyrðum þurfti að fullnægja, og hafi stefnandi verið hættur að átta sig á, hvaða skilyrði voru sett af þeirra hálfu. Um þá málsástæðu stefndu, að ekki sé til tekið af stefnanda hálfu, hvað það hafi verið, sem var ofsagt og rangfært í umsögnum Loftferðaeftirlits, þá sé henni mótmælt. Tilgreining þessarar málsástæðu svo og annarra sé nægileg í stefnu, en á síðari stigum málsins fari fram sönnunarfærsla svo sem við vitnayfirheyrslur.

Þá mótmælir stefnandi því að dómkröfur sínar séu ekki nægilega reifaðar eða rökstuddar.

Niðurstaða.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, skal lýsing málsástæðna og annarra atvika vera stuttorð, gagnorð og skýr í stefnu. Samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988, skal málsástæðum og lagarökum í greinargerð nánar lýst en í stefnu. Öðrum atvikum skal þar og lýst, ef þess þarf með, til þess að samhengi málsástæðna sé ljóst. Í greinargerð með l. nr. 54/1988 kemur fram, að lögð sé á það áhersla, að greinargerðir séu ekki aðeins upptalning á fram lögðum skjölum, heldur séu þær ýtarlegar, að því er varðar málsástæður og lagarök, en þó jafnframt gagnorðar.

Stefna í málinu er hartnær fjórar síður og er í henni að finna atriði og útlistanir sem eiga heima í greinargerð. Greinargerð stefnanda er hins vegar einungis upptalning á skjölum og upptalning á þeim mönnum sem óskað er að komi fyrir dóm og gefi skýrslur, en vísað til stefnunnar varðandi

málsatvik og málsástæður. Af framansögðu má ljóst vera að sóknargögn stefnanda brjóta í bág við nefnd ákvæði einkamálalaganna.

Af hálfu stefnanda er fullyrt, að hann hafi fullnægt öllum skilyrðum laga til þess að öðlast leyfi til loftferðastarfsemi, en engin nánari grein gerð fyrir fullyrðingu þessari eða tilgreint hver þessi skilyrði séu. Grundvöllur sá, sem stefnandi byggir þann rétt sinn á, að honum hafi borið leyfi til loftferðastarfsemi að fullnægðum þessum ónefndu skilyrðum, er óljós, og ekki er reifað í málskjöllum á hverju hann byggist.

Þá er ekki að finna rökstuðning fyrir þeim andmælarétti er stefnandi telur sig njóta gagnvart álit Loftferðaeftirlitsins. Fullyrðingar hans um, að margt hafi verið ofsagt og annað rangfært í álit Loftferðaeftirlitsins, eru óljósar að því leyti að í málinu liggja frammi þrjár umsagnir Loftferðaeftirlitsins og stefnandi tilgreinir ekki, hvaða umsögn hann á við, eða skýrir nánar, hver þessi atriði séu.

Fullyrðing stefnanda um ætlaðan ásetning fulltrúa í Flugráði um að koma í veg fyrir, að stefnandi fengi leyfi til loftferðastarfsemi, er óljós og örökstudd, og verður ekki séð, hvernig hún tengist skaðabótakröfu stefnanda.

Þegar framangreint er virt, þykir á skorta, að málatilbúnaður stefnanda fullnægi ákvæðum einkamálalaga, nr. 85/1936, einkum 88. gr. og 105. gr., sbr. l. nr. 54/1988. Stefnandi þykir því ekki hafa búið mál sitt þannig úr garði, að unnt sé að leggja á það efnisdóm, og ber því þegar af þeim sökum að taka til greina kröfu stefndu um að máli þessu verði vísað frá dómi.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðbrandur Jónsson, greiði stefndu, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, kr. 20.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.